

49

11. júní

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að veita sérleyfi til
fóðurmjölsvinnslu úr þangi.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að veita þeim Karel Hjörtpórssyni verkstjóra, Theódór Jónssyni bókara og Sveinbirni Jónssyni byggingameistara, öllum til heimilis í Reykjavík, sérleyfi til fóðurmjölframleiðslu úr þangi til sölu, ef þeir leiða að því þau rök, er ríkisstjórnin tekur gild, að þeir geti framleitt góða og óskaðlega vöru.

Sérleyfið má veita til allt að 10 árum frá því er lög þessi öðlast gildi, enda sé á því tímabili öllum öðrum en sérleyfishöfum óheimilt að framleiða þessa vöru til sölu.

2. gr.

Hafi sérleyfishafar ekki hafið framleiðslu í nokkuð stórum stíl, að dómi ríkisstjórnarinnar, innan þriggja ára frá veitingu sérleyfisins, eða falli framleiðslan niður um tveggja ára skeið á sérleyfistímabilinu, getur ríkisstjórnin fellt sérleyfið úr gildi.

3. gr.

Sérleyfishafar skulu háðir þeim reglum, sem ríkisstjórnin kann að setja við veitingu sérleyfisins til að tryggja vörugæði framleiðslunnar og sanngjarnt verðlag.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 11. júní 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Skúli Guðmundsson.